

19.júní 2017

Málsnr. 1404083

Umsögn um nýtt deiliskipulag Kaldárselsvegjar frá Sörlatorgi vö Reykjanesbraut að Hlíðarþúfum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða verða gerðar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Mosahlíð og Áslandi 3.

Deiliskipulagið afmarkast frá Sörlatorgi og að Hlíðarþúfum alls 8 ha að stærð. Tillagan var send til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Umhverfisstofnunnar
- Minjastofnunnar
- Vegagerðarinnar
- Skipulagsstofnunnar varðandi lýsingu verkefnisins.

Umsagnir þessara stofnana hafa borist.

Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu

Ef lesið er í gegnum athugasemdirnar 14 kemur í ljós að íbúar við Úthlíð hafa verið duglegastir við að gera athugasemdir. Allar athugasemdirnar eru nokkuð keimlíkar og hafa þeir sem þær gera mestar áhyggjur af:

- Gönguleiðum á milli hverfa
- Hljóðvist við Mosahlíð
- Strætóstoppustöð Mosahlíðarmegin
- Benda á aðrar leiðir útúr Vallahverfi en þessa, þ.e mislæg gatnamót við Reykjanesbraut og í gegnum Hvaleyrarvatn



HAFNARFJÖRÐUR

- Vísað er endurtekið í reglugerð nr 724 þar sem kveðið er á um að grípa skuli til móttvægisaðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig geti leitt til aukins hávaða
- Endurkasti frá hljóðvegg við Ásland 3 yfir í Mosahlíð
- Loft- og svifryksmengun
- Aukin umferðarpungi um Klettahlíð
- Hestum
- Umferðarhávaða frá hringtorgum
- Hvers vegna er ekki hægt að hafa veginn í núverandi stæði, hann er of nálægt húsum í Mosahlíð
- Umferðin mun stoppa við Hlíðartorg þrátt fyrir þessa auknu tengingu
- Misskilningur er milli Ofanbyggðavegs og Ásvallabrautar
- Fá óháðan aðila til að gera hljóvistarútreikninga
- Hesthúsabyggðin

Ofanbyggðavegur er stofnbraut og mun tengjast gatnakerfi Garðabæjar. Hann er nauðsynlegur sem tenging fyrir framtíðar íbúðarsvæði á Völlum, Áslandi og Hamranesi, auk þess sem honum er ætlað að taka við stórum hluta af þeim þungaflungaflutningum sem nú fer um Reykjanesbraut. Í samvinnu við bæjaryfirvöld í Garðabæ og Vegagerðina verður áfram unnið að framtíðar útfærslu vegarins og tengingu hans við stofnbrautakerfi Höfuðborgarsvæðisins. Vegurinn er sýndur í jarðgöngum gegnum framtíðarsvæði Áslands og Vatnshlíðar.

Ásvallabraut er allt annars eðlis, hún er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast.

Komið hefur fram í athugasemdum að vegurinn liggja of nálægt húsum við Mosahlíð, það má benda á að vegurinn er í sjálfu sér ekkert nær þeim lóðum en almennt gerist í bæjarlandinu.

Það þarf að horfa á þessa einstaka færslu í stærra samhengi. Það er verið að bregðast við nýjum tengingum við framtíðarlegu Ásvallabrautar og Ofanbyggðavegar.

Kaldárselsvegur verður ekki breikkaður þar sem um er að ræða tengibraut með 50 km hámarkshraða og verður hann ennþá 1 + 1 vegur

EKKI er verið að opna tengingu niður í Klettahlíð, hún hefur alltaf verið opin, hins vegar gerir tillagan ráð fyrir að tengingin þaðan verði í gegnum nýtt hringtorg.

Skv. hljóðvistarmælingum sem unnar voru af VSÓ ráðgjöf sem er óháður aðili, kom í ljós að ekki var nauðsynlegt að setja hljóðmanir við Mosahlíð.

ÁDU er meðaltalsumferð á sólarhring og er hljóðvist alltaf reiknuð út frá henni skv. reglugerð. Leyfður aksturshraði á Ásvallabraut og Kaldárselsvegi er 50 km/klst. Miðað var við að hlutfall þungra bíla væri 3% af heildarumferð.

Útreikningar sýna að miðað við þessar forsendur og engar hljóðvarnir, verða hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hljóðvist yfir 55 dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.

Þetta eru eftirfarandi hús:

- ▶ Brekkúás 1
- ▶ Dalsás 2 - 6
- ▶ Dalsás 8 - 12
- ▶ Furuás 21
- ▶ Furuás 23 - 27

Hljóðstig er innan marka í húsum í Mosahlíð. Niðurstöður sýna að umferð ökutækja eftir Ásvallabraut og Kaldárselsvegi hefur áhrif á hljóðvist í 11 húsum í Áslandshverfi og er hljóðvist þar fyrir ofan mörk reglugerðar um hávaða. Með uppsetningu 2,5-3,1 metra hárra hljóðvarna meðfram Ásvallabraut og Kaldárselsvegi verður hljóðvist innan marka á öllum hæðum fyrrgreindra húsa, eins og sést á korti 4.

Hesthúsabyggð í Hlíðarenda þarf að víkja, lóðaleigusamningurinn rann út 2011 enda þessi vegur búin að vera lengi á aðalskipulagi. Slys vegna lausagöngu hrossa í þéttbýli er sem betur fer ekki algeng og er það á ábyrgð eigand að halda sínum hestum innan girðingar.

Niðurstaða:

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 30. maí sl. var ákveðið að bregðast við athugsemdum þar sem 4 lykilatriði verða endurskoðuð.

Allar göngutengingar verða skoðaðar betur og gert verður ráð fyrir undirgöngum undir Ásvallabraut til þess að tenging við upplandið verði sem öruggust.

Það verður gert ráð fyrir stoppustöð Strætó Mosahlíðarmeginn.

Settar verða hljóðmanir við Mosahlíð og hljóðvistin verður skoðuð nánar með raunmælingu á staðnum.

Settar verða upp hraðadempanði aðgerðir í Kletthlíð til að koma í veg fyrir hraðakstur þar í gegn.



HAFNARFJÖRÐUR